

## Starfsemi Umhverfisstofnunnar á Látrabjargsvæðinu sumarið 2012

Sumarið fór vel af stað og ferðamenn ívið fleiri þetta vorið en í fyrra samkvæmt heimildum frá ferðapjónustuaðilum og landeigendum á svæðinu. Ferðamannatíminn virðist vera að lengjast í báða enda og fjölgunin mest í byrjun og síðla sumars, en minni miðsumars. Pröstur Reynisson var ráðinn sem landvörður og hóf störf á Látrabjargsvæðinu 16. júní og starfaði þar til 11. ágúst. Sérfræðingur Látrastofu sinnti einnig landvörslu á svæðinu ásamt því að hafa eftirlit á Dynjanda, í Surtabrandsgili og í Vatnsfirði. Gistiaðstaða landvarða var í Breiðavík. Landvörður var einnig í Vatnsfirði í 8 vikur og var hún (Linda Guðmundsdóttir) einnig með eftirlit á Dynjanda og í Surtabrandsgili.



Starfsmenn Látrastofu, Linda, Hákon og Pröstur.

### Störf landvarða

Dagleg störf landvarða á Látrabjargsvæðinu voru eftirlit með ferðamönnum, náttúru og dýralífi, ruslatínsla, þrif á salernum á Brunnnum og fræðsla og upplýsingagjöf til ferðamanna. Gerð var tilraun til að telja ferðamenn og bílaumferð á Bjargtöngum. Talið var tvo daga í viku, tvær klst. í senn tvisvar á dag. Gera þarf tölfraðilega útreikninga á niðurstöðunum til að þær séu marktækar og munu þeir útreikningar liggja fyrir á næstunni. Í samantekt talninganna var hins vegar mesta umferð ferðamanna í talningu 14. júlí á tímabilinu kl. 10-12 og 15-17, eða samtals 177 manns, 62 bílar og 1 rúta.

Landverðir settu upp upplýsingaaðstöðu í Bjargtangavita með leyfi vitavarðar. Sett voru upp fugla- fiska- plöntu- og gönguleiðakort ásamt upplýsingum um náttúru svæðisins (sjá mynd). Ferðamenn nýttu sér vel þessa þjónustu og landvörður var alltaf til staðar þegar vitinn var hafður opinn. Smíðuð voru fjögur áningarborð, tvö voru sett á Bjargtanga og tvö á Brunna. Klósettin á Brunnnum voru í ólagi sumarið 2011, en í sumar tókst landverði að laga klósettið og virkuðu þau vel allt sumarið.



Fræðslukort í vitanum á Bjargtöngum.



Áningarborð við bílastæðið á Bjargtöngum.

Í Geldingskorardal var gerð tilraun með að færa göngustíg sem liggur í hlíð dalsins frá bílastæði, ofar í dalinn. Þar var ný leið stikuð frá bílastæði út á bjargsbrún og er þetta leið sem landeigendur segja að hafi verið gengin fyrr á öldum. Ástæðan er að þar sem stígurinn liggur núna er gróðurinn mjög viðkvæmur og stígurinn breikkar stöðugt. Næsta sumar ætla landverðir ásamt sjálfboðaliðum að gera tilraun til að græða upp gamla stíginn með mosa. Það er gert þannig að fundið er svæði sem kallast gjafasvæði sem þolir að tekinn sé mosi og hann fluttur á þar til gerðum brettum og settur í sárið á gamla göngustígnum.

Tvær skipulagðar gönguferðir voru í sumar, sú fyrri á degi villtra blóma 17. júní og hin síðari á alþjóðadegi landvarða 31. júlí. Ferðirnar voru auglýstar víða í Vesturbyggð og mættu nokkrir gestir í báðar ferðirnar. Landeigendur hafa talað um að mikilvægt væri að GPS merkja gamlar gönguleiðir á svæðinu. Byrjað var á því í sumar og stefnt er að því að halda verkinu áfram næsta sumar. Hugmynd er um að endurreisa gamlar vörður til að auðvelda ferðamönnum að ganga leiðirnar.



Göngustígur í hlíð Geldingskorardal.



Gönguferð á alþjóðadegi landvarða í Seljadal.

### Störf Sjálfboðaliða

Dagana 25. júní – 6. júlí komu fimm sjálfboðaliðar á vegum Umhverfisstofnunnar til starfa á Látrabjargi og fengu gistaðstöðu á tjaldstæðinu í Breiðavík. Fyrsta verkefni þeirra var að endurnýja steintröppur í göngustígnum við Ritugjá. Stígurinn var orðin mjög slæmur og varhugaverður og í rigningu safnaðist vatn í stíginn sem rann niður hallann. Á einni viku gerðu sjálfboðaliðar kraftaverk, fundnir voru til steinar í tröppurnar meðfram veginum frá Breiðavík út á bjarg. Velja þurfti þá sérstaklega með það í huga að tröppurnar standist vel umferð ferðamanna. Svo varð að bera steinana frá bílastæðinu í börum sem fengnar voru að



Sjálfboðaliðar ásamt Presti landverði bera steina.



Steinþrepinn sett á sinn stað.



láni hjá einum landeiganda, upp að Ritugjá. Einnig þurfti að flytja malarefni í stíginn þar sem jarðvegurinn er að mestu mold. Vatnsrásir voru gerðar í göngustíginn til að leiða vatnið út fyrir hann. Árangur erfiðisins var hreint frábært (sjá mynd að neðan). Þessari vinnu þarf að halda áfram næsta sumar og taka fyrir annan kafla á leiðinni. Mest mæðir á göngustígnum frá bílastæði að Hrútanefi. Þegar ofar dregur tekur við einbreiður göngustígur sem lítið þarf að eiga við. Í sumar tóku landverðir reglulega myndir af göngustígnum meðfram bjarginu í þeim tilgangi að fylgjast með breytingum á honum. Þannig er hægt að meta hvort og hvenær þarf að gera ráðstafanir með lagfæringar og koma í veg fyrir að nýjir óþarfa stígar myndist.



Fyrir lagfæringar.



Eftir lagfæringar.

Sjálfbóðaliðar snyrtu einnig í kringum bílastæði á Bjargtöngum, bættu malarefni í kantanna og jöfnuðu bilið á milli steinanna sem afmarka stæðið. Fyrir frítt afnot af tjaldstæði, sturtu, salerni og eldhúsi í tvær vikur í Breiðavík unnu sjálfbóðaliðar einn dag í að fjarlægja girðingar í vikinni.

### Lokaorð

Sumarið gekk almennt vel og ekki komu upp nein meiriháttar vandamál sem ekki var hægt að leysa. Almennt var umgengni góð á svæðinu og lítið um utanvegarakstur og að tjaldað væri utan tjaldsvæða. Landverðir höfðu afskipti af einstaka ferðamanni á Bjargtöngum sem vildu gista þar yfir nótt í húsbílum eða tjöldum, en þeir tóku því vel þegar þeim var vísað á tjaldsvæði. Talsvert álag er á lundanum á Látrabjargi og brugðu landverðir á það ráð að mála hvíta línu 1,5 – 2 metra frá bjargsbrún frá vita upp á barðið við Ritugjá. Ferðamenn virtu almennt þessa línu og stigu ekki inn fyrir hana þannig að lundinn fékk meira næði. Eftir að einn hundaeigandi sást á gangi með hund sem var að róta upp einni lundaholunni, var ákveðið að setja upp hundaskilti sem bannar hunda á bjarginu. Almennt sýndu hundaeigendur því skilning.